

## GJALDSKRÁ fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 11. gr. samþykktar nr. 845/2021 um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð, að innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð.

### 2. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur ákveðið að sorpgjald á hvert heimili í sveitarféluginu og einbýlishús í þéttbýli á árinu 2024 verði kr. 94.660 og sorpgjald á hvert frístundahús og einbýlishús í dreifbýli þar sem ekki er heimili verði kr. 42.882.

Íbúar geta óskað eftir að fá fleiri sorpílát að heimilum sínum og greiða þá fyrir sorpílát fyrir almennan úrgang 47.143 kr. og fyrir sorpílát fyrir endurvinnsluúrgang 39.060 kr.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

### 3. gr.

Allir fasteignaeigendur í sveitarféluginu Dalabyggð taka þátt í föstum kostnað við meðhöndlun úrgangs af rekstri grenndar- og söfnunarstöðvar (gámasvæðis) sem veitir gjaldfrjálsan aðgang að gámsvæði Dalabyggðar með úrgang sem skilgreindur er gjaldfrjáls sem og úrgang sem ber úrvinnslugjald.

### 4. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal verður með eftirfarandi hætti frá og með 1. febrúar 2024:

Gjaldtaka á söfnunarstöð miðast við rúmmál ( $m^3$ ) þess úrgangsmagns sem afsett er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmrar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald til Úrvinnslusjóðs. Móttökugjald á einn  $m^3$  af flokkuðum eða óflokuðum úrgangi er 5.200 kr. Starfsmaður stöðvar magntekur úrgang sem hleypur á  $0,25 m^3$ , greitt er fyrir þann úrgang á staðnum. Ekki er innheimt fyrir úrgang undir  $0,25 m^3$ .

Eftirfarandi flokkar eru gjaldfrjálsir:

- Spilliefni, rafeindabúnaður, raftæki, rafhlöður og ljósaperur
- Bylgjupappi, pappír, umbúðarplast – móttaka í lúgu 24/7
- Glerkrukkur og málumbúðir (niðursuðudósir o.s.frv.) – móttaka í lúgu 24/7
- Rúlluplast, hjólbarðar, kertaafgangar og fatnaður
- Brotajárn og málmar

Úrgangur skal vera flokkaður við komu á söfnunarstöð svo hægt sé að aðgreina gjaldskyldan úrgang frá öðrum og magntaka.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 7. desember 2023 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 102/2023. Breytingartillaga samþykkt á fundi byggðarráðs 8. janúar 2024.

Búðardal, 9. janúar 2024.

Björn Bjarki Þorsteinsson  
sveitarstjóri